

# Fjöldi fólks hljóp við krefjandi aðstæður



Snæfellsjökulshlaupið fór fram síðastliðinn laugardag þegar metfjöldi þátttakenda hljóp frá Arnarstapa, yfir jökulhálsinn og yfir marklínuna við Gilið í Ólafsvík. 304 hlauparar mættu á Arnarstapa um morguninn tilbúnir að takast á við brekkur, rigningu og snjó á toppnum. Fyrir ári voru 176 hlauparar og því talsvert betri þátttaka í ár. Vitað var að þrír til fimm kílómetrar af leiðinni væri þakin snjó en auk þess höfðu leysingar myndað smálæki á leiðinni.

Guðlaugur Ari Jónsson var fyrstur karla í mark á tímanum 1:40:46. Fyrsta konan var Halldóra Huld Ingvarsdóttir á tímanum 1:45:16 en hún sló brautarmet í fyrra þegar hún hljóp á

tímanum 1:41:20. Fyrsta heimaðurinn til að klára hlaupið í ár var Brynjar Vilhjálmsson en hann hljóp á tímanum 1:49:26. Við endalínuna fengu hlauparar frábæran gjafapoka sem starfsmenn Smiðjunnar hafa unnið við að útbúa undanfarna mánuði en í pöknum leyndist næring, drykkur og allskonar glaðningar. Þegar hlaupinu var lokið var verðlaunafhending í íþróttahúsi Snæfellsbæjar þar sem efstu þrír hlauparar í hverjum flokki fengu veglegar gjafir og verðlaunapening sem var hannaður af Antoni Jónasi Illugasyni fyrir keppnina. Í kjölfarið voru úrdráttarverðlaun afhent þar sem nokkrir heppnir fengu vinninga frá styrktaraðil-



um Snæfellsjökulshlaupsins. Allir þátttakendur fengu frítt í sund eftir hlaupið enda flest blaut og köld eftir ævintýrið.

Skipuleggjendur hlaupsins vilja koma þökkum á framfæri til styrktaraðila, sjálfbóðaliða og

allra þeirra sem lögðu sitt af mörkum á laugardaginn. Án þeirra væri ekki hægt að halda svona stóran viðburð.

Myndirnar hér að ofan tók Þröstur Albertsson en fleiri myndir frá hlaupinu eru inni í blaðinu.

JJ

## Þór dró skemmtiferðaskip



Á Facebooksíðu Landhelgisgæslunnar kemur fram að áhöfnin á varðskipinu Þór hélt á mánudag æfingu með áhöfn franska farþega skipsins Le Commandant Charcot.

Æfingin gekk afar vel og fólst í að koma taug á milli skipanna og draga franska skipið í um hálf klukkustund. Varðskipið Þór stóðst þessa þolraun vel og náði

mest um 8 hnúta hraða með skipið í togi.

Æfingar sem þessar eru sérlega mikilvægar svo áhafnir beggja skipa séu sem best undirbúnar ef á reynir.

Ólafur Hlynur Illugason var á veiðum á Jónasi Gunnarssyni SH og smelli meðfylgjandi mynd af æfingunni.



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

# Fáir dagar eftir í strandveiðinni



Þegar þetta er skrifað á þriðju-dagskvöldi þá er áætlað að aðeins séu eftir 7 veiðidagar hjá strandveiðiflotanum, á heimasíðu Fiskistofu er hægt að nálgast ýtarlegar upplýsingar um gang veiða í strandveiðikerfinu og þar kemur fram að samtals er búið að veiða rúmlega 8.747 tonn og er þorskur uppistaðan í því magni

eða tæplega 8.200 tonn, heimild er að veiða 10.000 tonn af þorski í kerfinu og því búið að veiða 82% af því magni sem koma má með að landi í þorski, heimilt er að veiða 100 tonn af gullkarfa og er búið að veiða 26,9% af því og því um 73 tonn eftir af þeim heimildum. Erfiðlega hefur hinsvegar reynst að ná ufsaheimildum, af



ufsa má veiða 1.000 tonn og hefur aðeins verið veidd tæp 113 tonn eða 11,26% af þeim heimildum sem standa til boða, hinsvegar hefur verið landað 386 tonnum af þorski sem VS afla.

Það er ljóst að talsvert magn af gullkarfa- og ufsaheimildum mun ekki nýtast strandveiðimönnum þar sem að strandveiðar verða stöðvaðar þegar þorskheimildir klárast.

Í heild hafa 762 bátar fengið leyfi til strandveiða í sumar af þeim eru langflestir á svæði A,

Vesturlandi, eða 355, skiljanlega geta komið upp bilanir og óhöpp þegar svo margir bátar eru á sjó en minna hefur frést af því í sumar en síðustu ár. Undantekning frá þessu var þó fimmtudagurinn í síðustu viku en þá náði Sigurjón Hilmarsson meðfylgjandi myndum af því þegar tveir strandveiðibátar voru dregnir í land, nánast á sama tíma. Það voru Raket SH sem varð fyrir vélarbilun og Matt-hildur SH sem lenti utan í skeri fyrir framan Ólafsvík.

JÓ

## Hátíðarfundur Kvenfélagssambands Snæfellsness



Hátíðarfundur Kvenfélagssambands Snæfellsness var haldinn 19. júní síðastliðinn á sjálfan kvenréttindadaginn. Kvenfélag Hellissands, Kvenfélag Ólafsvíkur, Kvenfélagið Gleym mér ei frá Grundarfirði, Kvenfélagið Hringurinn frá Stykkishólmi og Kvenfélagið Liljan frá Eyja- og Miklaholts-

hreppi hittust saman í Röstinni á Hellissandi og gerðu sér gláðan dag. Kvenfélagskonur borðuðu saman, sungu, dönsuðu og hlógu. Kvöld eins og þessi eru frábær leið fyrir kvenfélagskonur af öllu nesinu að kynnst hvor annarri og starfsemi annarra kvenfélaga í leiðinni.

SJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.  
Ríft. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## Unglingalandsmót í Borgarnesi



Unglingalandsmót UMFÍ 2024 fer fram helgina 1.- 4. ágúst næstkomandi og hvetur HSH öll til að fjölmenna á mótið sem verður haldið í Borgarnesi í ár. Öll ungmenni á aldrinum 11-18 ára geta skráð sig til leiks. Mótið er vímulaus fjölskylduhátíð þar sem börn og ungmenni taka þátt í fjölmörgum íþróttagreinum en samhliða

því er boðið upp á fjölbreytta afþreyingu, leiki og skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Greinarnar sem eru í boði má sjá á vefsíðu UMFÍ. Opnað verður fyrir skráningu 2. júlí og líkur henni 29. júlí. HSH niðurgreiðir þátttökugjald fyrir keppendur sem spila undir þeirra merki.

JJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617




# Hundaeigendur í Snæfellsbæ

## Af gefnu tilefni...

...er bent á að hundahald er bannað í þéttbýli í Snæfellsbæ.

Ef sveitarstjórn hefur veitt undanþágu og gefið leyfi til hundahalds ber hundaeiganda að gæta þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði, né raski ró manna.



Hundaeigendum er bent á að hafa samband við skrifstofu Snæfellsbæjar til að sækja um leyfi fyrir hunda sína.

**Um leið og hundur er fenginn ber eiganda að sækja um leyfi fyrir hann.**

Skráningareyðublað til hundahalds er á heimasíðu Snæfellsbæjar og er þeim sem ekki hafa nú þegar sótt um leyfi fyrir hunda sína, bent á að fylla það út og koma því á skrifstofu Snæfellsbæjar.

**Hundar skulu ávallt vera í taumi utan húss,** innan marka þéttbýlis. Það er **óheimilt** að sleppa hundum sínum lausum um þéttbýli Snæfellsbæjar. Annarsstaðar skulu þeir vera undir umsjá eiganda eða ábyrgs aðila á hans vegum.

**Hundaeiganda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.**

# Snæfellsjökulshlaupið

Myndirnar tók Karitas Guðjónsdóttir, fleiri myndir má sjá á Facebooksíðu hlaupsins.



## Boltinn

### Víkingar á góðri siglingu

Víkingar unnu leik gegn Hetti/Huginn sunnudaginn 23. júní á heimavelli. Luke Williams kom Víkingum yfir á 13. mínútu leiksins en gestirnir jöfnuðu svo áður en flautað var til hálfleiks. Í upphafi síðari hálfleiks var Luke Williams aftur á ferðinni og kom boltanum í net andstæðinganna á 63. mínútu. Iván Rodrigo Moran Blanco skoraði svo fyrir heimamenn á 81. mínútu en á þriðju mínútu upp-bótartímans minnkaði Höttur/Huginn muninn og staðan þá 3-2 fyrir Víking. Björn Axel Guðjónsson skoraði svo á 94. mínútu og endaði leikurinn 4-2 fyrir heimamönnum. Víkingar sitja

ennþá í 2. sæti deildarinnar eftir 8 taplausa leiki, með einu stigi minna en Selfoss.

### Reynir fékk slæma útreið

Reynismenn fengu KFR, Knattspyrnufélag Rangæinga í heimsókn laugardaginn 22. júní. Reynismenn áttu ekki auðveldan leik en rokið fór ekki hægt þennan daginn og bleytan var mikil. Í hálfleik höfðu KFR skorað 6 mörk gegn engu hjá Reyni. Í síðari hálfleik juku Rangæingar forystuna og bættu við 3 mörkum. Leikurinn endaði því 0-9 KFR í hag og sitja Reynismenn í 8. sæti B-riðils 5. deildar.

SJ



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurbjónustu.

Tímapantanir í síma 436-1111



**Voot býður upp á þrautreyndar rekstrarvörur fyrir sjó og land á hagstæðu verði, allt á einum stað!**



# Fimm lið af Snæfellsnesi á Norðurlásmóti

Norðurlásmótið í knattspyrnu fór fram á Akranesi síðastliðna helgi. Mótið er fyrir stráka og stelpur í 7. og 8. flokki, það er hugsað fyrir byrjendur og hefur því uppeldislegt gildi. Snæfellsnes átti fimm lið á mótinu í ár, þrjú lið í 8. flokki sem kepptu sína leiki fimmtudaginn 20. júní og tvö lið í 7. flokki sem eyddu helginni á Akranesi. Mikil gleði var hjá yngstu kynslóðinni að fá að upplifa slíkt stórmót, allir sem tóku þátt fengu þátttöku pening en einu verðlaunin sem voru veitt eftir helgina voru Háttvísiverðlaunin til þeirra liða sem voru til fyrirmyndar innan vallar sem utan, í ár fékk Reynir/Víðir verðlaunin í stúlknafllokki og Fram í drengjaflokki. Meðfylgjandi mynd tók Karitas Hrafn Elvarsdóttir á mótinu.

SJ



Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



Vegna sumarleyfa kemur Bæjarblaðið Jökull ekki út í vikum 28 - 32.

Næsta tölublað Jökuls kemur út 4. júlí  
Fyrsta tölublað eftir sumarfrí kemur út 15. ágúst.



## Sjómanna­dagsmót



Skotgrund, skotfélag Snæfellsnes, hélt sitt árlega Sjómanna­dagsmót í leirdúfuskotfimi á æfingasvæði félagsins. Í ár var met þátttaka en 22 keppendur tóku þátt. Í liðakeppninni sigraði liðið Landsliðið en Gísli Val-

ur Arnarson sigraði í karlaflokki. Dagný Rut Kjartansdóttir sigraði í kvennaflokki en til gamans má geta að Gísli Valur og Dagný Rut urðu einnig sigurveggarar á mótinu í fyrra.

## Heimaleikurinn vann áhorfendaverðlaun

Eins og fram kom í síðasta tölublaði Jökuls þá eru Viðar Gylfa-



son, Kári Viðarsson, Logi Sigur Sveinsson og Freydis Bjarnadóttir stödd í Sydney í Ástralíu þar sem þau voru viðstödd Ástralíu frumsýningu heimildarmyndarinnar Heimaleikurinn á Sydney Film Festival. Heimaleikurinn vann áhorfendaverðlaun hátíðarinnar en kvikmyndahátíðin er eins sú elsta í öllum heiminum og í ár voru um tvö hundruð myndir sýndar á hátíðinni. Eins og komið hefur fram hefur Heimaleikurinn farið á fjölmargar hátíðir undanfarið ár og unnið til fjölda verðlauna.

JJ

# Hestaþing Snæfellinga

Hestaþing Snæfellinga fór fram í byrjun júní. Um var að ræða opið gæðingamót í Stykkishólmi. Boðið var upp á 11 keppnisflokka og tókst vel til. Hestur mótsins var Aðall frá Lyngási og Stöð frá Bergi var valin hryssa mótsins. Þá var Haukur Orri Bergmann Heiðarsson frá Grundarfirði efnilegasti knapinn og Siguroddur Pétursson frá Hrísdal valinn besti knapinn. Í A flokki voru það Anna Dóra Markúsdóttir og Stöð frá Bergi sem hrepptu 1. sætið, Jón Bjarni Þorvarðarson og Hlýri frá Bergi lentu í 2. sæti og í 3. sæti voru Siguroddur Pétursson og Tign frá Hrauni. Í unglunga flokki gæðinga var Haukur Orri Bergmann Heiðarsson og Hnokki frá Reykhólum í 1. sæti, Sól Jónsdóttir og



Jónína Ingibjörg frá Grundarfirði í 2. sæti, Hera Guðrún Ragnarsdóttir og Glettir frá Hólshúsum

voru í 3. sæti og Ari Osterhammer Gunnarsson og Sprettur frá Brimilsvöllum lentu í 4. sæti. Frekari

úrslit úr öðrum flokkum mótsins má finna á Facebook síðu Hestamannafélagsins Snæfellinga.

## Bíll hálfur utan vegar




Þrjú menn úr Garðabæ gerðu sér ferð vestur um síðustu helgi til þess að taka þátt í Snæfellsjökulshlaupinu og anda að sér fersku lofti. Þeir ákváðu að taka smá krók utan þjóðvegarsins en þeir hefðu betur sleppt því. Bílstjórinn tók aðeins of þrönga beygju við Kolgrafafjörð sem olli því að dekk bílsins fór utan vegar

og bíllinn hékk með eitt dekk í lausu lofti. Lögregla var kölluð á vettvang og var í kjölfarið haft samband við fyrirtækið BB og synir úr Stykkishólmi til þess að draga bíllinn aftur upp á veginn. Enginn slasaðist við atvikið og bíllinn virðist ólaskaður.

JJ

 Jökull Bæjarblað

 steinprent@simnet.is

 436 1617

## Takk fyrir!



22. júní

2024

### Styrktaraðilar

Apótek Vesturlands  
Arnarstapi Center  
Björgunarsveitin Lifsbjörg  
Bætiefnabúllan  
Cave Vatnshellir  
El Taco Truck  
Glacier Paradise  
Greenfit  
Höppferðir Svans  
Hótel Büðir  
Íþróttahús &  
sundlaug Snæfellsbæjar  
Landsbankinn  
Láki Tours

Mjólkursamsalan  
Nívea  
Saffran  
Samhentir  
Sker  
Sportvörur  
Tóst  
Unbroken  
Útilif  
Verslunin Kassinn  
Verslunin Hrund  
Ólgerðin

# Hekla

## á leið um landið



Nýr Škoda Kodiaq  
Verð frá 9.290.000 kr.



Flott  
verð!



Škoda Octavia 4x4  
Tilboðsverð: 6.490.000 kr.

Fullt verð: 6.990.000 kr.



Audi Q8 e-tron  
Verð frá 13.490.000 kr.



Fullt verð frá: 9.890.000 kr.

VW ID.4 GTX  
Tilboðsverð með styrk frá:  
7.890.000 kr.



VW Crafter  
Verð frá 7.990.000 kr.



Sjáumst á Snæfellsnesi 27. júní  
Við heimsækjum Ólafsvík, Grundarfjörð og Stykkishólm

- 10:30 - 12:00 Ólafsvík á Orkustöðinni
- 12:30 - 13:30 Grundarfjörður á planinu við Pósthúsið
- 15:00 - 16:00 Stykkishólmur á Olísplaninu

Með í för verða Nýr Škoda Kodiaq, Škoda Octavia 4x4, VW Crafter, VW ID.4 GTX og Audi Q8.

Kíktu á okkur og reynsluaktu